

Sp.

171. Tillaga til þingsályktunar

[119. mál]

um að fella varahluta til bifreiða niður af skrá um bátagjaldeyrisvörur.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella niður varahluta til bifreiða af skrá um bátagjaldeyrisvörur, en veita í staðinn samtökum bifreiðarstjóra og bifreiðaeigenda innflutningsleyfi fyrir nauðsynlegu magni bifreiðavarahluta.

Greinargerð.

Hinn 7. marz 1951 auglýsti fjárhagsráð eftir beiðni ríkisstjórnarinnar skrá yfir ýmsa vöruflokkna, sem eftir það væri ekki heimilt að flytja til landsins nema fyrir hinn svokallaða bátagjaldeyri. Þó ekki muni vera stoð í lögum fyrir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, er það staðreynd, að hún hefur verið framkvæmd á grundvelli fyrrnefndrar auglýsingar og með þeim afleiðingum, að verðlag á þeim vörum, sem undir þetta heyrar, er orðið óheyrilega hátt.

Einn þeirra vöruflokkna, sem með þessum hætti var bannað að flytja til landsins nema fyrir bátagjaldeyri, er varahlutar til bifreiða, enda er nú verðlag á þeim orðið svo hátt, að mjög torvelt er fyrir bifreiðaeigendur að halda bifreiðum sínum í því lagi, sem nauðsynlegt er og m. a. er krafizt lögum samkvæmt til öryggis í umferðinni. Gildir þetta að sjálfsögðu einkum um ganlar bifreiðar, en af þeim er orðið mjög mikið í umferð, eins og kunnugt er.

Til stuðnings þessari staðhæfingu læt ég fylgja þessari greinargerð tvö fylgiskjöl. Hið fyrri er erindi, sem vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík hefur sent Alþingi. Segir þar m. a., að afleiðingar af þessum verzlunarháttum séu orðnar þær, að „allur fjöldinn (af félagsmönnum Þróttar) sér nú engin ráð til að framkvæma nauðsynlegasta viðhald á bifreiðum sínum“.

Síðara fylgiskjalið er samanburður á verðlagi ýmiss konar bifreiðavarahluta frá því fyrir gengisfellinguna og fram til febrúarmánaðar 1952, samkvæmt verðskrá, sem bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hefur fengið hjá h/f Ræsi, Reykjavík, á hinum tilgreindu tímum. Sá samanburður sýnir, að tilgreint magn af varahlutum til bifreiða, sem í maí 1949 — þ. e. síðasta árið fyrir gengisfellinguna — kostaði kr. 10986.20, kostaði í maí 1950, eftir að gengisfallið var farið að verka, kr. 21095.40, og í maí 1951, þegar áhrif bátagjaldeyrisins eru byrjuð, kr. 33170.40, en í febrúar 1952, þegar áhrif hvors tveggja eru komin fram að fullu, kr. 44180.03.

Í stuttu máli: Þetta tilgreinda magn bifreiðavarahluta hækkar í verði frá því í maí 1949 úr kr. 10986.20 upp í kr. 44180.03 í febr. 1952. Hækkunin nemur kr. 33193.83 — eða rúmlega 302%.

Þó að verðlagið í landinu sé yfirleitt mjög hátt, vænti ég þess, að ekki finnst önnur dæmi um það, að heill flokkur óhjákvæmilegs nauðsynjavarnings sé notaður til slíkrar fjárplógsstarfsemi sem í þessu efni er gert gagnvart bifreiðaeigendum, og ætti þingsályktunartillagan þá ekki að vera að ófyrirsynju flutt.

Fylgiskjal I.

VÖRUBÍLSTJÓRAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR

Eftirfarandi áskorun var einróma samþykkt á fjölmönnum fundi í Vörubílstjórafélaginu „Þróttur“ sunnudaginn 19. október 1952:

Fundurinn skorar á Alþingi það, er nú situr, að gefa frjálsan innflutning á varahlutum í vöruflutningabifreiðar.

Greinargerð.

Eins og nú er hátað, eru bifreiðavarahlutar meðal þeirra vara, sem fluttar eru til landsins fyrir bátagjaldeyri. Þetta hefur í för með sér svo geysilega verkþækkun, að atvinnubílstjórar, sem selja bifreiðar sínar á leigu, geta engan veginn undir henni risið. Afleiðingarnar eru nú þegar að koma í ljós hjá okkar félagsmeðlimum, þar sem allur fjöldinn sér nú engin ráð til að framkvæma nauðsynlegasta viðhald á bifreiðum sínum.

Það er ekki annað sjáanlegt, ef ekkert verður gert til að ráða bót á þessu, en að bifreiðar okkar haldi áfram að grotna niður, þar til þær eru algerlega ónothæfar, og þeir menn, sem hafa valið sér vöruakstur að atvinnugrein, gangi frá þessu starfi slyppir og snauðir.

Þar sem við hins vegar treystum því, að sá sé ekki tilgangur ríkisstjórnar né Alþingis með fyrrnefndum ráðstöfunum, þá væntum við þess, að Alþingi sjái sér fært að taka áskorun vora um frjálsan innflutning á varahlutum til greina.

Stjórnin.

Fylgiskjal II.

Skrá um verð á varahlutum til bifreiða, sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill hefur fengið hjá h/f Ræsi, Reykjavík, í maí 1949, maí 1950, maí 1951 og febrúar 1952.

	Maí 1949	Maí 1950	Maí 1951	Febr. 1952
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
Spindilboltar og fóðringar, 1 sett	32.00	57.00	90.60	148.30
Stýrisendar, 4 stk.	66.20	140.40	223.24	364.80
Framgormar, 2 stk.	82.40	188.30	299.40	432.00
Slitboltar og fóðringar, 1 sett	52.60	101.40	161.23	665.25
Pakkdósir	43.00	95.65	152.08	219.85
Bremsugúmmí	35.85	51.15	81.33	109.45
Ljósakúlur og perur	25.00	34.20	54.38	93.10
Stuðdempingar, 4 stk.	320.00	561.80	893.26	1359.35
Hurðarskrár, 4 stk.	85.00	178.10	283.18	443.50
Handbremsubarki	24.50	51.15	49.53	98.90
Skiptibarki	20.00	51.15	81.33	103.65
Fjaðragúmmí, 3 sett	24.00	45.00	71.55	103.65
Afturöxull	41.10	107.15	170.37	269.25
Fjaðraklossar og hengsli	45.00	104.80	166.63	269.75
Rafgeymir	160.00	431.35	431.35	432.80
Háspennukefli	38.25	61.85	98.34	158.40
Vatnslás	12.70	23.60	37.52	63.35
Rafkerti, 2 sett	42.00	46.80	74.40	144.00
Kúplingsdiskur	75.00	144.20	229.28	315.35
Olíuhreinsari	35.00	69.30	110.19	85.90
Viftureim	16.70	21.70	34.50	73.40
Benzíndæla	48.55	69.30	110.19	244.80
Kveikjuhlutir	47.65	61.45	97.71	141.60
Stimpilhringir, 1 sett	68.20	116.40	183.08	265.60
Stimpilstangalegur, 1 sett	48.90	97.80	155.50	224.65
Mótorpakningar, 1 sett	30.75	64.00	101.76	149.75
Sveifaráspakkdós	4.85	14.80	23.53	27.35
Olíusikti	8.50	13.60	21.62	43.65
Snjókeðjur	68.00	143.00	143.00	258.00
Gormskálar og öxlar	151.50	302.50	480.98	789.16
Spindilarmar, 2 stk.	84.50	174.50	277.64	474.25
Efri-armar, 2 stk.	85.00	179.80	285.88	403.20
Stýrisarmur, sector og fóðring	98.00	183.50	291.77	610.55
Útblástursrör og hljóðdeyfir	95.00	291.30	463.17	557.75
Hjöruliðir, 2 sett	163.60	232.10	369.04	440.90
Fjaðraboltar og fóðringar, 2 sett	25.10	57.80	91.90	127.60
Afturfjaðrir, 2 stk.	160.00	528.40	840.16	1111.70
Gearkassahlutir	435.00	914.15	1453.50	2440.80
Handbremsuskál og borði	41.10	107.15	170.37	188.65
Stimplar með boltum, 6 stk.	217.80	389.70	619.62	1019.50
Stimpilstangafóðringar, 6 stk.	4.50	11.90	18.92	28.85
Sveifarásslegur, 1 sett	55.15	87.65	139.36	264.55
Kastásslegur, 1 sett	22.75	33.90	53.90	96.00

	Mai 1949	Mai 1950	Mai 1951	Febr. 1952
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
Ventlar, 1 sett	80.40	150.90	239.93	355.20
Ventilgormar, 1 sett	24.00	46.80	74.41	172.80
Ventilstýringar, 1 sett	13.80	67.20	106.70	138.25
Kambgearshjól, 2 stk.	24.00	51.75	82.28	158.40
Kambgearskeðja	41.15	85.05	135.23	188.65
Sveifarás	250.75	592.25	941.68	2115.35
Mótorfestingagúmmí, 1 sett	27.55	36.65	58.27	113.45
Stimpilstengur, 1 sett	171.00	299.30	475.89	900.50
Undirlyftur, 12 stk.	72.00	97.80	155.50	468.00
Sveifarásstrissa	61.20	87.90	139.90	139.90
Startkrans	15.10	25.20	40.07	40.07
Dínamóhlutir	113.00	184.20	292.86	292.86
Startarahlutir	81.40	151.55	240.96	240.96
Vatnspumpahlutir	35.00	74.35	118.22	145.45
Oliudæla	29.00	92.90	147.71	276.00
Blöndungur	95.00	186.10	295.90	295.90
Kertaleiðslur	10.00	16.80	26.71	26.71
Vatnshosur og klemmur	12.00	22.00	36.25	36.25
Straumloka	61.20	146.25	232.54	232.54
Hurðarhúnar, ytri, 2 stk.	27.00	76.40	121.48	168.95
Hurðarhúnar, innri, 2 stk.	19.00	21.80	34.66	94.10
Upphalarasveifar, 2 stk.	16.00	21.80	34.66	94.10
Upphalarar, 2 stk.	32.30	43.70	69.48	171.85
Rúðusleðar, 2 stk.	23.00	42.00	66.78	81.60
Felga	55.00	106.75	169.73	264.95
Hurðarlás	35.00	45.90	72.98	103.20
Hjólkoppar, 2 stk.	27.00	56.30	89.52	158.40
Vatnskassi	350.00	695.00	1105.05	2040.95
Vatnskassahlif	250.00	673.60	1071.02	1071.02
Þéttigúmmí á hurðir	35.00	72.00	114.48	184.20
Flauta	65.00	126.00	200.34	256.80
Rúðupurrka	55.00	121.00	192.39	192.39
Frambretti, 2 stk.	391.00	883.10	1404.13	1425.60
Afturbretti, 2 stk.	271.00	520.00	826.80	988.80
Drifhlutir	294.70	581.65	924.82	924.82
Bremsuskálar, 4 stk.	160.00	352.00	559.68	777.60
Kistulok	184.95	546.00	868.14	901.90
Framstuðari	175.00	368.80	586.39	1075.20
Oliumælir	8.15	27.70	44.04	54.70
Hraðamælir	107.65	299.85	476.76	483.85
Ampermælir	14.25	27.70	44.04	48.00
Hitamælir	42.85	65.65	104.38	105.60
Ijósaleiðslur, 1 sett	67.50	131.00	208.29	208.29
Hurðarlamir, 4 sett	73.60	136.80	217.51	217.51
Framhurðarklæðning, ytri, 1 sett	400.00	572.80	910.75	910.75
Afturhurðarklæðning, ytri, 1 sett	350.00	424.40	674.80	674.80
Mótor	3000.00	5000.00	7950.00	8300.00
Alls kr.	10986.20	21095.40	33170.40	44180.03
Hækkun að krónutölu:		10109.20	12075.00	11009.63
Hækkun að hundraðshluta:		92%	57%	33%
Hækkun frá maí 1949 til febrúar 1952: kr. 33193.83 eða 302%.				